

# LÖG

## um sölu kristfjárjarðanna Arnheiðarstaða og Droplaugarstaða í Fljótsdalshreppi.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hreppsnefnd Fljótsdalshrepps er heimilt að selja ábúendum kristfjárjarðirnar Arnheiðarstaði og Droplaugarstaði í Fljótsdalshreppi.

Verð jarðanna, mannvirkja og ræktunar á þeim fer eftir því sem um semst, en ella skal það ákveðið af dómkvöddum matsmönnum.

Andvirði jarðanna skal varið til félagslegra framkvæmda í hreppnum. Ráðstöfun söluandvirðis skal háð samþykki félagsmálaráðuneytisins og vera samræmanleg hinum forna tilgangi kristfjárgjafa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Páll Pétursson.*

# LÖG

## um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

*Gildissvið.*

Lög þessi gilda um fyrirtæki sem hefur staðfestu utan Íslands og sendir starfsmann hingað til lands, sbr. 2. gr., í tengslum við veitingu þjónustu, sem starfar að jafnaði utan Íslands en er sendur tímabundið til starfa hér á landi.

Lög þessi gilda ekki um áhafnir kaupskipa.

2. gr.

*Fyrirtæki.*

Fyrirtæki telst senda starfsmann í skilningi 1. gr. hingað til lands í eftirfarandi tilvikum:

1. Þegar það sendir á sínum vegum og undir sinni stjórn starfsmann í tengslum við samning um veitingu þjónustu við fyrirtæki hér á landi.
2. Þegar það sendir starfsmann til starfsstöðvar eða fyrirtækis í eigu sömu fyrirtækjasamstæðu hér á landi.